

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. janúar 2016
UST201511-206/K.S.J.
10.05.02

Efni: Tillaga að deiliskipulagi spildu í landi Beitistaða í Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu um að breyta frístundabyggð í landi Beitistaða í heilsársbyggð. Erindinu fylgir uppdráttur dags. 20.09.2006. Á uppdrætti er getið greinargerðar dags. 28.08.2006. Greinargerðin fylgir ekki með erindinu.

Skipulagssvæðið

Ofangreint skipulagssvæði er staðsett við norð-austanverðan Grunnafjörð og liggur að hluta til að fjörum Grunnafjarðar. Ekki kemur fram á uppdrætti hve stórt heildarsvæðið er, en lóðir eru alls 20 og eru stærðir þeirra breytilegar frá 4700 m² upp í rúman ha að stærð. Nú þegar hafa verið reist nokkur hús á svæðinu.

Náttúruminjar

Grunnafjörður sem skipulagssvæðið liggur að hluta til að, var friðlýstur árið 1994 og er svæðið friðland. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi fuglalíf sem er mjög auðugt. Um friðlandið gilda þessar reglur: 1. Allt jarðrask á friðlandinu er óheimilt. Landeigendur mega þó nýta sand og mól úr firðinum á sama hátt og þeir hafa gert til þessa. Landeigendum er heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar. Umhverfisstofnun getur, að fengnum tillögum umsjónarnefndar sbr. 7. gr., heimilað framkvæmdir ef knýjandi ástæður eru til, enda stofni þær ekki gróðri og dýralífi svæðisins í hættu. 2. Óheimilt er að raska sjávarföllum í friðlandinu. 3. Gangandi og ríðandi fólk er heimil för um svæðið í lögmaetum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí eru heimsóknir í eyjar og sker, aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum nytjum, óheimilar. 4. Umferð vélknúinna ökutækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu sbr. lið 5. 5. Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, þ.e. til beitar, dúntekju og veiða. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur. 6. Óheimilt er að skerða sjávar- og strandgróður innan friðlandsins. 7. Umsjón friðlandsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar. Skilmannahreppur tilnefnir einn nefndarmann, Leirár- og Melahreppur einn og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar. Skipunartími fulltrúa sveitarfélaganna skal vera sá sami og kjörtímabil þerra. Skipunartími fulltrúa

Umhverfisstofnunar er sá sami og kjörtímabil fulltrúa sveitarfélaganna. 8. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn umsýðarnefndar, veitt undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar þessarar.

Árið 1996 var svæðið samþykkt sem Ramsar svæði. Svæðið hefur því verið verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi. Fjörðurinn er eina Ramsar svæðið á Íslandi sem liggur að sjó. Stærð Ramsar svæðisins er u.þ.b 1470 hektarar.

Skv. 38. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja óheimilar nema samkvæmt undanþágu, sbr. 41. gr.

Fráveita

Ef af verður að frístundabyggð á ofangreindu svæði verður heilsársbyggð, er ljóst að meira álag verður á svæðið vegna fráveitu. Slíkt þarf að hafa í huga þegar fráveita er áætluð. Mikilvægt er að mengun frá fráveitu komist ekki í Grunnafjörð. Skv. reglugerð nr. 798/1999 gr. 7.2 skal skólp hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A. Þar sem Grunnafjörður er friðlýstur og samþykktur sem Ramsar svæði, bendir Umhverfisstofnun á að fráveita skal vera skv. ofangreindu. Umhverfisstofnun telur æskilegt að settir verði safntankar frekar en rotprær við húsin á svæðinu verði þau heilsárshús, og allri seyru ekið burt af svæðinu svo ekki sé hætt á að mengun berist í Grunnafjörð sem gæti haft í för með sér óæskileg áhrif á lífríki og verndargildi svæðisins.

Skipulag við vötn, ár og sjó.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir í gr. 5.3.2.14. gr. um skipulag við vötn, ár og sjó: Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Hluti skipulagssvæðis liggur að Grunnafirði og þarf að gæta þess að byggingarreitir nái ekki nær firðinum en 50 m og að aðgengi almennings sé tryggt meðfram fjörunni.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. B. Guttormsdóttir
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri